

Sp.

537. Nefndarálit

[89. mál]

um till. til þál. um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er gert ráð fyrir, að Húsnæðismálastofnunin vinni að umbótum í byggingamálum og lækkun á byggingarkostnaði. Hér er um mikilsvert hlutverk að ræða og ástæða til að gera sér grein fyrir, hversu tekizt hafi að framkvæma það og hverjir náð hafi beztum árangri í því að lækka byggingarkostnað, ef um slíkt er að ræða, eða hvort tilraunir í þá átt, sem hið opinbera hefur staðið að, hafi mistekizt. — Minni hl. n. leggur til, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1970.

Gísli Guðmundsson,
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Jónas Árnason.